

**Nd.**  
um framhaldsskóla.

## **624. Frumvarp til laga**

[258. mál]

Flm.: Ingvar Gíslason menntamálaráðherra.

### **I. KAFLI**

#### **Gildissvið.**

1. gr.

Lög þessi taka til náms á framhaldsskólastigi er tekur við af skyldunámsstigi, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1974, um skólakerfi.

2. gr.

Nám á framhaldsskólastigi, sem kostað er af almannafé, lýtur samræmdu skipulagi samkvæmt lögum þessum. Framhaldsskólar er samnefni þeirra skóla sem undir lög þessi falla en einstakar skólastofnanir geta borið sérstakt nafn, t. d. tengt stað, hefð eða sérstöku hlutverki.

### **II. KAFLI**

#### **Markmið.**

3. gr.

Hlutverk framhaldsskóla er að veita menntun, er sé á hverjum tíma markvís undirbúningur starfs eða frekara náms og stuðli jafnframt að alhliða þroska nemandans sem einstaklings og þátttakanda í lýðræðissamfélagi.

### **III. KAFLI**

#### **Inngönguskilyrði.**

4. gr.

Allir sem lokið hafa námi í grunnskóla eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla.

Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um lágmarkskröfur í einstökum greinum til inngöngu í tiltekna námsáfangi. Öll slík skilyrði skulu reist á raunhæfu mati á kröfum viðkomandi greinar.

Á því ári sem nemandi verður 19 ára getur hann hafið nám í framhaldsskóla án þess að fullnægja inntökuskilyrðum skv. þessari grein nema að því er varðar starfsþjálfun, þar sem hennar er krafist.

### **IV. KAFLI**

#### **Námsskipan.**

5. gr.

Nám í framhaldsskóla skal fara fram á námsbrautum sem skilgreindar eru eftir markmiðum námsins að því er varðar undirbúning til starfa eða áframhaldandi nám. Námsbraut skal eftir föngum skipulögð þannig að unnt sé að ljúka þar mislöngu námi. Í reglugerð skal kveða á um hvar á námsbraut slík námslok geti verið og um markmið námsins á hverju stigi.

6. gr.

Í samræmi við hlutverk framhaldsskóla skal á öllum námsbrautum fara saman nám sem lýtur að almennri menntun og sérhæft nám með hliðsjón af markmiðum brautarinnar. Lögð skal áhersla á tengsl verklegra og bóklegra þátta námsins. Auk skyldunámsefnis skal á hverri námsbraut gefa kost á frjálsum valgreinum.

7. gr.

Af öllum námsbrautum skulu vera leiðir til framhaldsnáms, annaðhvort beinar eða með skilgreindri viðbót námsáfanga. Með sama hætti skulu og markaðar sem greiðastar leiðir milli námsbrauta.

8. gr.

Námsefni framhaldsskóla skal skipað í skilgreinda námsáfanga sem skulu metnir til eininga eftir umfangi námsefnisins. Leitast skal við að skipuleggja innihald og kennslu hvers áfanga þannig að hann nýtist sem hluti af námi á sem flestum námsbrautum. Þó skal þess gætt að taka tillit til innra samhengis viðkomandi námsgreinar og mismunandi áherslu á ólíkum námsbrautum. Námsbrautir myndast með skipulögðu samvali námsáfanga, sbr. einnig 5. gr.

Námsbrautum er skipað á námssvið með hliðsjón af skyldleika sérnáms sem stuðlar að sameiginlegu grunnnámi fyrir allar brautir sviðsins. Námssviðin eru tengd með sameiginlegum kjarna undirstöðugreina. Um námssvið og námsbrautir skal mælt í reglugerð.

9. gr.

Um námsáfanga, markmið þeirra, megininntak, umfang og skipan á námsbrautir skal ákveðið í námsskrá sem menntamálaráðuneytið setur að höfðu samráði skv. 21. gr., enda hafi verið leitað álits heildarsamtaka kennara og nemenda á framhaldsskólastigi. Námsáfangar í sama eða sambærilegu námsefni skulu jafngildir á öllum brautum þar sem þeir eru hluti af náminu. Sé verkþjálfun liður í námsáfanga, skal hún metin til eininga svo sem aðrir námsþættir.

10. gr.

Um námsmat, þ. á m. próf og vitnisburði, skal mælt í reglugerð, svo og um almenn skilyrði sem fullnægja þarf til að flytjast milli námsáfanga.

11. gr.

Nemendur sem vegna fötlunar eða frávika frá eðlilegum þroskaferli fá ekki notið venjulegrar kennslu í einni eða fleiri námsgreinum eiga rétt til sérstakrar kennslu við sitt hæfi. Kennsla þessi getur farið fram við framhaldsskóla, bréfaskóla eða í sérstofnunum.

Nánar skal kveðið á um kennslu þessa í reglugerð.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur forgöngu um gerð áætlana um umbætur í starfi skóla, rannsókn- og tilraunastarf í skólum, námsskrárgerð, samningu námsefnis eftir því sem þörf krefur og gerð leiðbeininga um námsmat. Ennfremur skal komið á kennslufræðilegu leiðbeiningastarfi. Árleg framkvæmdáætlun skal fylgja tillögum til fjárveitinga í fjárlögum.

13. gr.

Árlegur starfstími framhaldsskóla skal að jafnaði vera 9 almanaksmánuðir. Setja skal í reglugerð ákvæði um skiptingu starfstímans í annir, virkar kennsluvikur og próftíma svo og um fjölda og lengd kennslustunda.

14. gr.

Menntamálaráðuneytið skal sjá um, að jafnan séu fyrir hendi glöggar upplýsingar um nám á framhaldsskólastigi, svo sem um námsbrautir og námsstaði.

Hverjum framhaldsskóla ber eftir föngum að kynna starfsemi skólans foreldrum og öðrum á skólasvæðinu, svo sem með dreifibréfum, kynningarfundum og skipulögðum skólaheimsóknum, og stuðla þannig að því að almenningur láti skólastarfið til sín taka.

## V. KAFLI

### Fullorðinsfræðsla.

15. gr.

Stefnt skal að því, að framhaldsskólum verði gert kleift að sinna menntun fullorðinna á þeim námsbrautum sem reglulegt starf skólanna tekur til. Í þessu skyni má heimila skóla að

- a) veita þeim sem orðnir eru 19 ára aðgang að einstökum námsáföngum ásamt reglulegum nemendum skólans, sbr. lokamálsgrein 4. gr., og
- b) stofna til sérstakra námskeiða, þ. á m. kvöldskóla, til að fullnægja óskum og þörfum þeirra sem komnir eru af venjulegum skólaaldri og hentar ekki að sækja reglulega kennslu skólans. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um nám þetta, þ. á m. um lágmarksfjölda þátttakenda í námshópum og um námstíma er geti verið lengri eða skemmri en í reglulegu námi.

16. gr.

Stefnt skal að því að kennsluaðstaða framhaldsskóla nýtist einnig fyrir almenna fræðslustarfsemi, aðra en þá sem um getur í 15. gr., þ. á m. endurmenntun í ýmsum starfsgreinum. Getur ráðuneytið í samráði við skólanefnd heimilað framhaldsskóla að eiga hlut að skipulagningu og framkvæmd slíkrar starfsemi, sem kynni að verða óskað eftir.

## VI. KAFLI

### Skólaskipan.

17. gr.

Við skipan námsbrauta á skólastofnanir koma eftirtaldir kostir til greina: Mismunandi brautir innan sömu stofnunar, skipulagslega tengdar brautir í aðskildum stofnunum eða stakar brautir í sérgreindum stofnunum. Þar sem nemendafjöldi og önnur skilyrði leyfa skal leitast við að sameina mismunandi námsbrautir í einni skólastofnun en að öðru leyti skal skólaskipan hagað með tilliti til aðstæðna. M. a. verði tekið tillit til hefðbundinna hlutverka þeirra skólastofnana sem fyrir eru.

Í hverjum landshluta skal vera eins fjölbreytt val námsbrauta og við verður komið.

18. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður í samráði við hlutaðeigandi fræðsluráð og sveitarstjórnir hvar starfrækja skuli framhaldsskóla, og til hvaða námsbrauta hver skólastofnun taki. Um fjölgun eða fækkun námsbrauta skal jafnan leita álits skólanefndar, sbr. 23. gr.

19. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur gera áætlun til 5 ára um skipan námsbrauta á framhaldsskólastigi og framkvæmdir til að koma þeirri skipan á. Skal áður afla tillagna fræðsluráða fyrir hvert fræðsluumdæmi. Áætlunina skal endurskoða á tveggja ára fresti til næstu fimm ára. Árleg framkvæmdaáætlun skal fylgja tillögum til fjárveitinga í fjárlögum.

20. gr.

Heimilt er að gera samning við stofnun eða fyrirtæki um að annast tiltekna þætti verklegrar menntunar í samstarfi við framhaldsskóla. Annars vegar getur verið um að ræða samning skóla við fyrirtæki eða stofnun sem samþykktur skal af rekstraraðilum skólans og hins vegar samning milli nemanda og meistara eða fyrirtækis sem staðfestur skal af menntamálaráðuneytinu eða aðila í umboði þess.

Nám sem fer fram utan skóla samkvæmt þessari grein skal ætíð háð eftirliti skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

## VII. KAFLI

### Stjórn og samráðsaðiljar.

21. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra málefna er lög þessi taka til nema öðruvísi sé ákveðið í lögum um einstakar námsstofnanir.

Við framkvæmd laganna ber ráðuneytinu að hafa sem viðtækust samráð við þá aðilja í landinu sem hagsmuna hafa að gæta í þessu sambandi og stuðla m. a. á þann hátt að því að sem mest eining geti ríkt um skipulag framhaldsskólastigsins.

Heimilt er ráðuneytinu að skipa sérstakar ráðgjafarnefndir í þessu skyni, t. d. fyrir einstakar námsbrautir eða samstæður skyldra námsbrauta. Nánar skal kveðið á um slíkt samráð í reglugerð.

22. gr.

Fræðsluráð þau sem kjörin eru samkvæmt 11. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, skulu fjalla um málefni framhaldsskóla, hvert í sínu fræðsluumdæmi, eftir því sem við getur átt.

Heimilt er og að fela fræðslustjóra og fræðsluskrifstofu, sbr. grunnskólalög, verkefni við stjórnun framhaldsskólamálefna í umdæminu.

Í reglugerð skal setja ákvæði um verkefni fræðsluráða skv. þessum lögum, svo og verksvið fræðslustjóra og fræðsluskrifstofa.

23. gr.

Við framhaldsskóla sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum skulu starfa skólanefndir er hafi umsjón með rekstrinum af hálfu hlutaðeigandi sveitarfélaga. Standi einungis eitt sveitarfélag að rekstri skólans ásamt ríkinu, kýs sveitarstjórn þess skólanefndina, en séu aðildarsveitarfélög tvö eða fleiri, skal um val fulltrúa í skólanefnd fara eftir ákvæðum í samstarfssamningi sveitarfélaganna. Þegar tveir eða fleiri framhaldsskólar eru reknir á vegum sömu aðilja, skal að jafnaði vera sameiginleg skólanefnd fyrir skólana. Heimilt skal þó, með samþykki menntamálaráðuneytisins, að bregða frá þeirri meginreglu.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að skipa skólanefndir við skóla sem reknir eru af ríkinu einu.

Um skólanefndir, verksvið þeirra og starfshætti, skal ákveða nánar í reglugerð.

24. gr.

Skólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess, að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og námsskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma.

Skólastjóri er oddviti skólastjórnar sem auk hans skal skipuð fulltrúum kennara og nemenda svo og aðstoðarskólastjóra, ef hann starfar við skólann. Um skipan skólastjórnar, verksvið hennar, starfstíma og starfshætti, skal nánar kveðið á í reglugerð.

Ráðuneytið getur ákveðið að stuttir áfangar náms á framhaldsskólastigi tengist grunnskóla og jafnframt að um stjórn skólafnunarinnar í heild fari eftir ákvæðum laga um grunnskóla.

25. gr.

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendaráð, er sé fulltrúi nemenda gagnvart skólastjórn. Nemendaráð hefur tillögu- og umsagnarrétt um markmið námsins, námsefni, námstillhögun og námsmat. Almenn samtök nemenda í hverjum skóla setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs.

26. gr.

Um almenna kennarafundi og verksvið þeirra skal kveðið á í reglugerð.

## VIII. KAFLI

### Starfslið.

27. gr.

Störf við framhaldsskóla skiptast í eftirtalda meginþætti:

1. Stjórnun,
  - a) yfirstjórn, rekstur
  - b) námsstjórn, þ. á m. í einstökum greinum og greinasamstæðum, svo og skipulagning kennslu og eftirlit með verklegri þjálfun.
2. Kennsla.
3. Starfræksla skólasafns.
4. Ráðgjöf,
  - a) náms- og starfsráðgjöf,
  - b) félagsleg ráðgjöf og sálfræðiþjónusta.
5. Þjónustustarfsemi,
  - a) mötuneyti og heimavistir,
  - b) heilsugæsla,
  - c) húsvarsla, ræsting.

Um fjölda starfsmanna og skipting starfa fer eftir stærð skóla og verksviði samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Menntamálaráðuneytið setur eða skipar skólastjóra framhaldsskóla að fengnum tillögum og umsögnum skólanefndar og fastra kennara við skólann, sé ekki um nýjan skóla að ræða. Ráðuneytið setur eða skipar fasta kennara að fengnum tillögum og umsögnum skólanefndar og skólastjóra viðkomandi skóla. Skólastjóri ræður stundakennara og ráðstafar störfum til námsstjórnar. Fólk til starfa sem greidd eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum ræður skólanefnd að fengnum tillögum skólastjóra í samræmi við samþykka fjárhagsáætlun.

Fela má ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fræðsluumdæma, sbr. IX. kafla laga nr. 63/1974 um grunnskóla, að annast hliðstæða starfsemi fyrir nemendur framhaldsskóla.

28. gr.

Um skilyrði til að verða settur eða skipaður skólastjóri eða kennari við framhaldsskóla fer eftir ákvæðum laga um embættisgengi kennara og skólastjóra. Setja má í reglugerð ákvæði um menntun annarra starfsmanna. Setja skal í reglugerð ákvæði um orlof og endurmenntun starfsmanna framhaldsskóla. Við setningu þeirra skal þess gætt að réttindi kennara í þessum efnunum verði eigi minni en þau eru skv. núgildandi lögum og reglugerðum.

## IX. KAFLI

### Fjármál.

29. gr.

Þar til sett hefur verið ný löggjöf um skólakostnað fer um fjármál framhaldsskóla eftir ákvæðum núgildandi laga um einstakar skólategundir eða skólastofnanir á framhaldsskólástigi.

## X. KAFLI

### Reglugerðir, gildistaka laganna og undirbúningur að framkvæmd þeirra.

30. gr.

Menntamálaráðuneytið setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laganna. Reglugerð getur tekið til framhaldsskólástigsins í heild eða einstaks námssviðs, námsbrautar, skólagerðar eða skólastofnunar.

Við samningu reglugerða skal m. a. kveðja til fulltrúa frá framhaldsskólum, atvinnulífi og samtökum sveitarfélaga. Menntamálaráðuneytinu til aðstoðar við samræmingu reglugerðanna skal vera starfshópur er í eigi sæti, auk fulltrúa ráðuneytisins, einn fulltrúi frá hverjum eftirtalinna aðila: Samtökum kennara á framhaldsskólástigi, samtökum nemenda á framhaldsskólástigi, Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda eins fljótt og við verður komið að dómi menntamálaráðuneytis og eigi síðar en að liðnum 5 árum frá gildistöku.

Eftirtalin lög um skóla á framhaldsskólástigi skulu gilda til bráðabirgða þar til settar hafa verið reglugerðir um tilsvarendi námsbrautir, skólagerðir eða skólastofnanir með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 30. gr., enda hafi Alþingi áður gefist kostur á að marka stefnuna með samþykkt þingsályktunar um meginefni viðkomandi reglugerðar, sbr. lokamálsgrein þessarar greinar. Fjármálaákvæði skulu og halda gildi sínu þar til sett hefur verið ný löggjöf um skólakostnað. sbr. 29. gr.

Lög nr. 55/1971, um fiskvinnsluskóla.

Lög nr. 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

Lög nr. 10/1973, um Fósturskóla Íslands.

Lög nr. 35/1962, um Hjúkrunarskóla Íslands.

Lög nr. 81/1972, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að stofna og reka hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann í Reykjavík.

Lög nr. 6/1971, sbr. lög nr. 109/1974, um Hótel- og veitingaskóla Íslands.

Lög nr. 49/1946, sbr. lög nr. 89/1952, um húsmæðrafræðslu.

Lög nr. 53/1975, um hússtjórnarskóla.

Lög nr. 68/1966, sbr. lög nr. 18/1971 og lög nr. 68/1972, um iðnfræðslu. Ákvæði laganna um löggildingu iðngreina, löggildingu iðnmeistara, réttindi og skyldur iðnnema og meistara, námssamninga og meðferð mála er þá varða skulu þó halda gildi sínu þar til sett hefur verið ný löggjöf sem tekur til þessara atriða.

Lög nr. 35/1964, um Ljósmæðraskóla Íslands.

Lög nr. 12/1970, um menntaskóla.

Lög nr. 33/1975, um Sjóvinnuskóla Íslands.

Lög nr. 22/1972, um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Lög nr. 1/1973, um Stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum.

Lög nr. 67/1966, sbr. lög nr. 21/1973 og lög nr. 56/1974, um vélstjóranám.

Lög nr. 51/1976, um viðskiptamenntun á framhaldsskólástigi.

15. gr. laga nr. 53/1967, um fávítastofnanir, sbr. lög nr. 12/1977.

Að öðru leyti falla úr gildi lagaákvæði er fara í bága við lög þessi.

Menntamálaráðuneytið skal þegar hefja undirbúning að framkvæmd laganna, m. a. með samningu námsskrár og öðrum ráðstöfunum er miða að samhæfingu náms á framhaldsskólastigi. Getur ráðuneytið í því skyni hlutast til um eða heimilað, að einstakir skólar víki frá tilteknum ákvæðum gildandi laga, enda sé um að ræða tilhögun sem samrýmist meginstefnu þessara laga.

Á þeim undirbúningstíma sem um ræðir í þessari grein skal menntamálaráðherra flytja Alþingi ár hvert skýrslu um undirbúningsstarfið og kynna þinginu drög að reglugerðum sem á döfinni eru hverju sinni samkvæmt 30. gr.

#### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Í fyrstu 5 ára áætlun menntamálaráðuneytisins um skipan námsbrauta á framhaldsskólastigi og framkvæmdir til að koma þeirri skipan á, sbr. 12. og 19. gr. laganna, skal lögð sérstök áhersla á uppbyggingu og eflingu verknámsbrauta. Skal miðað við að þær framkvæmdir verði sem lengst komnar þegar lög in í heild koma til framkvæmda.

#### **Greinargerð.**

##### **I.**

Þegar frumvarp til laga um framhaldsskóla er nú lagt fyrir Alþingi enn á ný, er það **að stofni til** reist á frumvarpi því, sem framhaldsskólanefndin frá 1974 samdi, en á því hafa verið gerðar nokkrar breytingar miðað við upphaflega gerð með hliðsjón af ábendingum sem fram hafa komið. T. d. hefur 21. gr. frv., sem fjallar um yfirstjórn og samráðsaðilja, verið breytt til einföldunar á þeim reglum sem gilda skulu um samráð um framkvæmd laganna. Er nú lagt til, að í stað fjölmenns, fasts framhaldsskólaráðs — sem í reynd gæti orðið stírbusalegt bákn — komi ákvæði sem skyldi ráðuneytið til þess að hafa sem víðtækust samráð við þá aðilja í landinu sem hagsmuna hafa að gæta í þessu sambandi og stuðla á þann hátt að því að sem mest eining geti ríkt um skipulag framhaldsskólastigsins. Í þessu sambandi er ekki síst haft í huga að heimaaðiljar í héraðum og landshlutum fái sem mest frjálsræði til þess að samræma skólamál sín að eigin frumkvæði, og er það reyndar til áherslu þeirri þróun sem ráðuneytið hefur stuðlað að á undanförunum árum.

Í þessu sambandi ber að hafa hugfast að frumvarpi því sem hér er lagt fram er ætlað að stuðla að því að Alþingi setji „rammalöggjöf“ sem rúmi frelsi og sveigjanleika án þess að slakað sé á kröfum um nauðsynlega samræmingu framhaldsskólastigsins í heild.

Mikilvæg breyting á frumvarpinu er sú að í stað fyrri fjármálakafla kemur ein grein þar sem gert er ráð fyrir, að um fjármál framhaldsskóla fari eftir núgildandi lögum þar til sett hefur verið ný löggjöf um skólakostnað.

##### **II.**

#### **Þróun síðustu ára.**

Nær sex ár eru nú liðin frá því að frumvarp til laga um framhaldsskóla var fyrst lagt fyrir Alþingi til kynningar. Síðan hefur frumvarp um þetta efni verið lagt fram fimm sinnum, með nokkrum breytingum hverju sinni. Á þeim tíma sem frumvarpið hefur verið á döfinni hefur þörfin á samræmdri löggjöf um framhaldsskólastigið orðið æ brýnni. Þar kemur til hvort tveggja: framkvæmd grunnskólaganna frá 1974 og sú staðreynd að veruleg þróun hefur átt sér stað á sviði framhaldsskólanáms víða um land, bæði að því er varðar framboð menntunar og starfshætti skóla. Hér á eftir verður dregið á nokkra þætti þeirrar þróunar.

Á miðjum sjöunda áratugnum óx eftirspurn eftir framhaldsnámi mjög mikið. Kom þetta m. a. fram í aukinni aðsókn að menntaskólum. Ekki komst þó nema hluti hvers árgangs þessa leið og aðrir skólar sem völ var á, eins og iðnskólarnir, virtust ekki fullnægja þörfinni.

Til þess að svara eftirspurninni og auka fjölbreytni náms á framhaldsskólastigi voru árið 1969 sett lög um stofnun framhaldsdeilda gagnfræðaskóla. Þær voru starfræktar við milli 30 og 40 gagnfræðaskóla þegar þær urðu flestar. Með stofnun þessara deilda var bryddað upp á nokkrum nýjungum í námi, en meginmarkmið þeirra var að veita nemendum almenna grunnmenntun og búa þá undir áframhaldandi nám í sérskólum og menntaskólum. Var með þessu opnuð leið til náms fyrir stóran hóp nemenda sem höfðu takmarkaða möguleika áður.

Það kom þó brátt í ljós að þessi úrlausn var ekki fullnægjandi og er líklegt að meginorsakirnar hafi verið óljós markmið námsins, ófullkomin námsskrá, ófullnægjandi náms- og kennslugögn svo og illa skilgreind tengsl við sérskólana.

Árið 1966 tók Menntaskólinn við Hamrahlíð til starfa. Segja má að sá skóli hafi markað tímamót í málefnum framhaldsskóla hér á landi. Í skólanum var árið 1972 tekin upp námskipan sem hefur rutt mjög víða til rúms og hefur marga og ótvíræða kosti, en það er svonefnt **áfangakerfi**.

Í skólum sem starfa samkvæmt þessu kerfi, og raunar í fleiri skólum, er námsárinu skipt í tvær **annir** jafnlangar. Öllu námsefni er skipt í skilgreinda **áfanga** og er hver einstakur áfangi kenndur á einni önn. Hver áfangi er metinn til ákveðins fjölda **eininga**. Algengt er að bóklegur áfangi sé kenndur 4 st. á viku og gefur slíkur áfangi 2 einingar. Á hverri önn geta nemendur valið sér áfanga innan tiltekinna marka og eftir ákveðnum reglum. Algengast er að nemendur taki áfanga sem samanlagt gefa 18 einingar á einni önn, en þetta svarar til 36 kennslustunda á viku í bóklegu námi alla önnina. Nemendum er ekki skipt í bekkjardeildir með fastri stundaskrá heldur mynda þeir nemendur sem velja sama áfanga námshóp. Nemandi þarf að ná tiltekinni lágmarkseinkunn í hverjum áfanga til þess að fá hann viðurkenndan. Nái nemandi ekki fullnægjandi árangri í einhverjum áfanga þarf hann aðeins að endurtaka þann áfanga. Er þetta ólíkt því sem var í bekkjarkerfisskólum þar sem nemandi þurfti oft að sitja aftur í bekk ef honum mistókst í einstökum greinum. Í áfangakerfi er mun auðveldara að koma til móts við þarfir nemenda, sérstakar óskir þeirra og mismunandi hæfileika til náms. Nemendur geta að verulegu leyti ráðið námshraða sínum, annaðhvort hraðað því eða lengt námstímamann innan hóflegra marka.

Árið 1973 voru samþykkt á Alþingi heimildarlög um stofnun og rekstur fjölbrautaskóla. Hóf Fjölbrautaskólinn í Breiðholti störf á grundvelli þeirra haustið 1975. Starfssvið skólans er mjög víðtækt en hann starfrækir nú nám á þessum námssviðum: almennu bók-námssviði, heilbrigðissviði, hússtjórnarsviði, listasviði, tæknisviði, uppeldissviði og viðskiptasviði. Um lýsingu á einstökum námssviðum vísast til greinargerðar með frumvarpi til laga um framhaldsskóla sem lagt var fram á 98., 99. og 100. löggjafarþingi svo og námsvísis skólans. Skólinn starfar samkvæmt áfangakerfi sem áður er lýst. Vegna þess hvað starfssvið skólans er fjölbætt er óhætt að fullyrða að veruleg reynsla hafi fengist af áfangakerfinu við slíkar aðstæður, fundist hafa lausnir á ýmsum skipulagsvandamálum, auk þess sem önnur hafa skýrst. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti starfar samkvæmt námsvísí sem unninn hefur verið af starfslíði skólans.

Á árunum 1975—'77 voru stofnaðir þrjár fjölbrautaskólar til viðbótar, þ. e. Flensborg, fjölbrautaskóli í Hafnarfirði, Fjölbrautaskóli Suðurnesja í Keflavík, sem rekinn er sameiginlega af sveitarfélögum á Suðurnesjum, og Fjölbrautaskólinn á Akranesi. Allir þessir skólar starfa samkvæmt áfangakerfi og eftir sama námsvísí sem var unninn sameiginlega af starfslíði skólanna. Námsvísirinn kom fyrst út 1978 og var síðan endurskoðaður og gefinn út að nýju árið 1980. Allmargir skólar í öðrum landshlutum starfa eftir þessum námsvísí.

Á árinu 1979 voru stofnaðir framhaldsskólar í Vestmannaeyjum og á Sauðárkróki og starfa þeir með svipuðum hætti og þeir sem áður eru nefndir.

Haustið 1981 var gengið frá samningi milli ríkisins og Reykjavíkurborgar um að Ármúlaskóli starfi sem sjálfstæður fjölbrautaskóli skv. heimild í lögum þar að lútandi.



Samningur sem gerður var vorið 1982 um skólahald á framhaldsskólastigi í Kópavogi felur í sér, að Menntaskólinn í Kópavogi starfar frá og með skólaárinu 1982—1983 sem fjölbrautaskóli.

Þá hefur verið gerður samningur milli ríkisins og Neskaupstaðar um stofnun sérstaks framhaldsskóla í Neskaupstað. Skólinn verði kjarnaskóli iðn- og tæknimenntunar á Austurlandi. Jafnframt verði hann hluti samræmds framhaldsskólakerfis á Austurlandi og lúti námsstjórn stjórnunarnefndar framhaldsnáms í fræðsluumdæminu.

Sumarið 1981 var stofnaður fjölbrautaskóli á Selfossi. Gert er ráð fyrir að skólinn sjái um allt nám þar að loknum grunnskóla. Skólinn tekur m. a. við verkefnum Iðnskólans á Selfossi og framhaldsnámi, sem verið hefur við gagnfræðaskólann þar.

Í ágúst 1981 gerðu menntamálaráðuneytið og bæjarstjórn Akureyrar með sér samning um stofnun verkmenntaskóla á Akureyri og eru byggingarframkvæmdir nú hafnar.

Á árunum 1978—'79 skipaði menntamálaráðuneytið tvær nefndir til þess að gera tillögur um skipan framhaldsnáms á Norðurlandi. Meginkjarninn í tillögum nefndanna er sem hér greinir:

1. Lagt er til að kannaðir verði möguleikar á starfrækslu framhaldsnáms á þeim stöðum sem hafa efstu bekkj grunnskóla, svo framarlega sem tiltekinn lágmarksfjöldi nemenda er á aðráttarsvæði skólanna.
2. Lagt er til að á öllum námsstöðunum verði boðið upp á nám í kjarnagreinum og öðrum þeim greinum sem eru sameiginlegar með sem flestum brautum. Auk þess valgreinar, þ. e. greinar sem eru einkennandi fyrir einstakar námsbrautir, eftir því sem aðstæður (nemendafjöldi, kennarar, búnaður) leyfa. Gert er ráð fyrir að skólarnir starfi eftir áfangakerfi og kemur þá ekki að sök þótt nemandi eigi ekki kost á áfanga sem venjulega er kenndur á tilteknu námsári, t. d. fyrsta námsári, ef hann getur lokið fullu námsári miðað við einingafjölda.
3. Lagt er til að skólarnir starfi allir eftir einum og sama námsvísi. Gert er ráð fyrir að nemendur sem hefja nám í skólum sem aðeins starfrækja 1. ár framhaldsnáms, eða 1. og 2. ár, geti óhindrað og án tafa haldið áfram námi og lokið því í stærri skólum sem starfrækja námsbrautir allt til loka.
4. Lagt er til að á öllum námsstöðunum verði lögð áhersla á fullorðinsfræðslu og nám-skeiðahald hvers konar, bæði á sviði frummenntunar og endurmenntunar, eftir því sem aðstæður leyfa og aðsókn og eftirspurn gefur tilefni til, sbr. V. kafla frumvarpsins.
5. Lagt er til að tekin verði upp nán samvinna allra skóla á Norðurlandi sem halda uppi kennslu á framhaldsskólastigi með það fyrir augum að samræma eftir því sem nauðsynlegt þykir námsframboð í fjórðungnum og gera það sem fjölbreyttast. Í þessu skyni hefur verið komið á fót samstarfsnefnd sem í eiga sæti skólastjórar hlutaðeigandi skóla auk fræðslustjóra.
6. Skólarnir starfi hver um sig sem fullkomlega sjálfstæðar stofnanir og er enginn yfir annan settur að neinu leyti. Samstarfið miðist fyrst og fremst við að veita nemendum eins fullkomna og snurðulausa þjónustu og mögulegt er.

Í júlí 1979 skipaði menntamálaráðherra nefnd til þess að taka saman námsskrá fyrir framhaldsskóla á Norðurlandi, sbr. tölulið 3 hér að framan. Nefndin lauk störfum sumarið 1980 og var námsskráin gefin út í ágúst þ. á. Skólar á Norðurlandi sem starfrækja framhaldsnám á þessu ári starfa að mestu leyti samkvæmt ákvæðum námsskrárinnar.

Það nána samstarf, sem þannig hefur tekist á öllu Norðurlandi milli skólanna (í víðri merkingu þess orðs), skóla og sveitarfélaga, er staðfesting þess að unnt er að ná samstöðu um samræmt skipulag skólamála í landinu á frjálsum grundvelli innan marka sveigjanlegrar og rúmrar löggjafar.

Hliðstætt samstarf og áður er lýst milli skóla sem starfrækja framhaldsnám hefur verið tekið upp á Austurlandi. Á Vesturlandi er á nokkrum stöðum starfrækt framhaldsnám í

tengslum við Fjölbrautaskólann á Akranesi, og samstarfsnefnd vinnur að frekari þróun framhaldsskólamála á svæðinu. Nefna má einnig samvinnu skólanna á Laugarvatni um nám á framhaldsskólastigi.

Eins og fram kemur hér að framan hefur þróunin í málefnum framhaldsskólans verið mjög ör á síðustu árum. Það ber að hafa í huga að það sem gert hefur verið hefur að mestu verið unnið að frumkvæði og af starfslíði hlutaðeigandi skóla. Það horfir mjög til heilla því að nýjungar sem eiga upptök sín í skólunum sjálfum reynast að jafnaði best. Hins vegar hefur þetta leitt til misræmis sem veldur erfiðleikum. Má t. d. nefna mismunandi uppbyggingu sömu námsbrauta sem leiðir til efasemda um réttindi nemenda auk þess sem nemendur eiga á hættu að fá ekki nám sitt viðurkennt ef þeir flytjast milli skóla. Ljóst er að nauðsynlegt er að vanda verulega til námsskráargerðar en hún er það umfangsmikil að einstökum skólum er um megn að vinna það verk með fullnægjandi hætti. Það er mikilvægt að ekki leiki vafi á um réttindi nemenda til starfa eða áframhaldandi náms.

Haustið 1979 skipaði ráðuneytið starfshópa til þess að taka saman drög að námsskrám í íslensku, dönsku, ensku, stærðfræði og eðlis- og efnafræði. Skyldi m. a. tekið tillit til mismunandi markmiða og námskrafna á ólíkum námsbrautum. Þá skyldi einnig kanna að hvaða marki unnt er að samræma nám á ólíkum námsbrautum og hvaða lágmarkssamræming er nauðsynleg til þess að nemendur geti flust milli skóla án þess að tefjast í námi. Álit starfshópanna liggja nú fyrir.

Þá er unnið að því að skilgreina námsmarkmið og námsbrautir á uppeldissviði í framhaldsskóla en þetta námssvið er illa afmarkað eins og er og réttindi nemenda ekki nægilega skýr.

Árið 1976 voru samþykkt á Alþingi lög um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi. Á grundvelli þeirra laga hafa verið mótaðar námsbrautir innan fjölbrautaskólanna sem eru í ýmsu frábrugðnar því námi sem fram fer í Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólanum. Er nú unnið að því að endurmeta námsskipan á viðskiptasviði í heild, m. a. með tilliti til tengsla við atvinnulífið og inngöngu nemenda í Háskóla Íslands.

Að undanförunu hafa málefni tónlistarfræðslunnar verið í deiglu og eru starfandi starfshópar á því sviði sem hafa það hlutverk að gera yfirlit um núverandi ástand í tónlistarfræðslu í landinu og gera tillögur um megin stefnu í málefnum tónlistarfræðslunnar og undirbúa og gera tillögur um námsskrár í tónlistargreinum.

Meðal atriða sem sérstaklega skal fjallað um má nefna: Samræmingu náms og kennslu í tónlistarskólum, námsskráargerð fyrir hin ýmsu hljóðfæri, samstarf grunnskóla og tónlistarskóla, skipan náms á tónlistarbraut í framhaldsskóla, tengsl og samvinnu kennaradeildar Tónlistarskólans í Reykjavík og Kennaraháskóla Íslands. Þetta starf er komið vel á veg.

Ef þróun framhaldsskólans á síðustu árum er metin með hliðsjón af ákvæðum frumvarpsins kemur í ljós að hún hefur mjög beinst í átt til þeirrar námsskipunar sem gerð er tillaga um í IV. og VI. kafla frumvarpsins. Þó er eftir að vinna mjög mikið að þessum þáttum. Mörg atriði önnur sem varða skólastarfið við þessar breyttu aðstæður svífa nokkuð í lausu lofti og er því mjög brýnt að fá samþykka heildarlöggjöf um framhaldsskóla.

Í frumvarpinu er lögð veruleg áhersla á það að tryggja sem allra best og víðtækast samstarf allra sem hlut eiga að máli. Þá má benda á að engin ákvæði í frumvarpinu hindra það að einstakir skólar geti starfað áfram með svipuðum hætti og þeir gera nú. Þrátt fyrir skiptingu námsefnis í áfanga geta skólar haldið bekkjarkerfinu ef þeir óska þess. Hins vegar má ætla að hverjum skóla sé styrkur að því að vera í góðum tengslum við aðra skóla á sama stigi.

### III.

#### Megintillögur.

1. Sett verði heildarlöggjöf um samræmdan framhaldsskóla og reglugerðir um einstakar námsbrautir og stofnanir eftir því sem nauðsynlegt kann að reynast.
2. Öllum sem lokið hafa námi í grunnskóla skal standa til boða eins til fjögurra ára nám, hvort sem stefnt er að sérhæfingu til starfs, almennu námi eða undirbúningi til náms á háskólastigi. Nemandi sem orðinn er 19 ára getur hafið nám í framhaldsskóla án þess að fullnægja inntökuskilyrðum laganna. Leitast skal við að hafa góða menntunaraðstöðu fyrir alla, hvar þeim eru búsettir á landinu.
3. Framhaldsskólinn skal skipulagður sem ein heild, en greinist í nokkur meginámssvið til hagræðingar, sem hvert um sig greinist í námsbrautir. Nám á hverri námsbraut miðar að almennri menntun og undirbúningi til framhaldsnáms eða sérhæfingu til starfs eftir því hvernig námsáföngum er raðað saman. Námslok geta orðið í námi eftir eitt, tvö, þrjú eða fjögur ár eftir því að hvaða marki er stefnt. Þótt gert sé ráð fyrir skilgreindum námslokum eftir eitt ár eða fleiri, getur hver einstaklingur, sem hættir námi, haldið áfram síðar á sömu námsbraut eða annarri og fengið að fullu viðurkenndar þær einingar sem hann hefur aflað sér.  
Markaðar skulu leiðir til framhaldsnáms af öllum brautum.
4. Nám í framhaldsskóla skal skipulagt í námsáföngum og hver áfangi metinn til eininga skv. nánari reglum. Við ákvörðun námseininga skal telja með nauðsynlega heimavinnu og gildir þetta bæði um verklegt og bóklegt nám. Sömu námseiningu má kenna á mislöngum tíma, allt eftir getu og hæfileikum þeirra nemenda sem hlut eiga að máli. Hver námsáfangi skal hafa fullt gildi þótt nemandi flytjist milli námsbrauta, ef námsáfanginn heyrir til þeirri námsbraut sem skipt er yfir á. Í þessu tilliti geta tveir eða fleiri áfangar verið jafngildir enda þótt innihald þeirra sé ekki nákvæmlega það sama.
5. Lagt er til að framhaldsskólar eigi hlut að fullorðinsfræðslu. Skulu fullorðnir eiga aðgang að reglulegum námsáföngum skólanna og auk þess er gert ráð fyrir að kennsluáðstaða í framhaldsskólum verði nýtt fyrir almenna fræðslustarfsemi.
6. Gefnar skulu út námsskrár og skulu þær marka meginstefnu í námi og þjálfun nemenda hvort heldur námið fer fram í skóla eða á vinnustað. Við gerð námsskrár skal taka mið af nauðsynlegri þekkingu, þjálfun í starfi og/eða undirbúningi til áframhaldandi náms svo og mismunandi námshæfni nemenda. Leitast skal við að tryggja samræmingu náms í sömu námsgrein á mismunandi námsbrautum eftir því sem unnt er en jafnframt nauðsynlega sérhæfingu eftir námsmarkmiðum.
7. Skipan námsbrauta á skólastofnanir skal haga með tilliti til aðstæðna og koma eftirtaldir kostir til greina: Mismunandi brautir innan sömu stofnunar, stjórnunarlega tengdar brautir í aðskildum stofnunum eða stakar brautir í sérgreindum stofnunum. Þar sem nemendafjöldi og önnur skilyrði leyfa skal leitast við að sameina mismunandi námssvið eða brautir í einni skólastofnun. Stefnt skal að því að í hverjum landshluta verði eins fjölbreytilegt val námsbrauta og við verður komið. Nýtt verði sem best það skólahúsnæði sem nú er fyrir hendi í landinu.
8. Námsstaður er hver sú stofnun sem sett hefur verið á fót til að annast ákveðna námsþætti innan heildarskipulagsins eða hefur hlotið opinbera viðurkenningu til þess. Auk skóla geta skólaverkstæði og fyrirtæki eða stofnanir verið námsstaðir.  
Skólinn skal vera þungamiðja hvernar námsbrautar og annast fræðilegan undirbúning og menntun, faglega og almenna. Ennfremur skal skólinn hafa umsjón með þeim þáttum námsins sem fara fram utan hans. Skólaverkstæði annast verklega undirbúningsmenntun og þjálfun. Fyrirtæki eða stofnun annast þá verklega þætti námsins sem nátengdastir eru því starfi sem menntunin miðast við og verða ekki aðskildir frá því.

9. Haft skal víðtækt samráð við þá aðila í landinu sem hagsmuna hafa að gæta við framkvæmd laganna. Fræðsluráð þau sem kjörin eru samkvæmt 11. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, skulu fjalla um málefni framhaldsskóla hvert í sínu fræðsluumdæmi auk þess sem menntamálaráðuneytið getur falið fræðslustjóra og fræðsluskrifstofu verkefni við stjórnun framhaldsskóla í umdæminu.

#### IV.

##### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

###### Um 1. gr.

Um afmörkun framhaldsskólastigsins er hér vísað til laga um skólakerfi, þar sem kveðið er á um skiptingu skólakerfisins í þrjú stig: skyldunámsstig, framhaldsskólastig og háskólastig. Miðað við núverandi skipan spannar framhaldsskólastigið í meginráttum fjögur námsár í skólakerfinu. Á það ber þó að leggja áherslu, að þessi tímamörk geta ekki verið föst, hvorki að því er varðar skipulagslega lengd einstakra námsbrauta né þann tíma sem það tekur einstakan námsmann að leggja að baki leiðina milli grunnskóla og háskóla. Þá er og líklegt að mörkin milli framhaldsskóla og háskóla verði smám saman öllu óskýrari en verið hefur lengst af til þessa.

###### Um 2. gr.

Hér ber að geta þriggja atriða sem mörkuð er afstaða til í greininni:

1. Lögð er áhersla á að allt nám á framhaldsskólastigi falli inn í samræmt skipulag, sbr. þó 2. lið hér á eftir.

2. Tekið er fram, að ákvæði greinarinnar og þar með frumvarpsins í heild miðist við nám sem kostað er af almannafé. Hvorki er æskilegt né réttmætt að leggja sérstakar skipulagskvaðir á ýmiss konar frjálst nám og fræðslustarfsemi, sem ríki eða sveitarfélög bera ekki fjárhagslega ábyrgð á, þótt þau kunni að styrkja hana að einhverju marki.

3. Gert er ráð fyrir að samheitið framhaldsskóli verði notað um námsstofnanir á framhaldsskólastigi. Hér koma að sjálfsgöðu ýmsir kostir til greina, og meðal þeirra samnefna sem verið hafa í umræðu eru menntaskóli og miðskóli. Bæði þau heiti má þó telja líklegri til að valda **merkingarlegum** misskilningi eða ruglingi en það nafn sem hér er gerð tillaga um og kemur svo sem af sjálfu sér, miðað við lögbundið heiti skólastigsins. Hið sameiginlega tegundarheiti þarf þó ekki að vera því til fyrirstöðu að einstakar skólastofnanir beri sérstakt nafn, t. d. tengt stað, hefð eða sérstöku hlutverki, svo sem segir í greininni, enda er eitt markmið þessa frv. “samræming“ á skólastigi en ekki “samruni“ skóla.

###### Um 3. gr.

Hér er leitast við að tjá í sem fæstum orðum meginmarkmið framhaldsskóla og leggja áherslu á að það er spunið af tveimur þáttum, sem hvorugur má útrýma hinum en eiga helst að vera svo samtvinnnaðir, að tæpast verði milli þeirra greint. Skólanum ber að stuðla að hamingju og lífsheill einstaklingsins, og henni verður varla borgið nema hann sé til þess búinn að inna af hendi hlutverk í því samfélagi sem hann á fyrir höndum að lifa í, en framlag hans verður samfélaginu því meira virði sem hann er betur á sig kominn að alhliða þroska.

###### Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um það grundvallaratriði, að öllum sem lokið hafa námi í grunnskóla skuli standa opin leið til framhaldsnáms. Þegar rætt er um jafngilda undirstöðumenntun eru m. a. hafðir í huga þeir sem luku skólanámi áður en grunnskólalög komu til framkvæmda, sbr. og lok greinarinnar.

Þótt öllum eigi að standa til boða eitthvert nám á framhaldsskólastigi má gera ráð fyrir, að til inngöngu í tiltekna námsáfangu þurfi nemandi að fullnægja sérstökum skilyrðum til að sýna

fram á að hann hafi hlotið nægan undirbúning til að tileinka sér kennsluna. Miklu skiptir, að slík skilyrði séu reist á raunhæfu mati á kröfum viðkomandi náms, þannig að valkostir nemenda séu ekki þrengdir umfram nauðsyn.

Samkvæmt lokamálsgrein greinarinnar skulu þeir sem orðnir eru 19 ára (eða verða það á árinu) undanþegnir almennum inntökuskilyrðum, svo og hugsanlegum sérkröfum fyrir einstaka námsáfanga við upphaf framhaldsskólastigsins, öðrum en þeim er varða starfsþjálfun, enda er þá gert ráð fyrir að starfsreynsla og aukinn þroski vegi á móti því sem á kann að skorta um formlega undirbúningsmenntun. Þessi meginregla ætti að stuðla að því að skipulagskostir samræmds framhaldsskóla verði nýttir til að leysa endur- og viðbótarmenntunarþörf full-orðinna, en eðlilegt er að frekari ákvæði um framkvæmd í þeim efnum verði sett í reglugerð, sbr. og V. kafla frumvarpsins.

Um 5.—8. gr.

Í þessum greinum frumvarpsins eru markaðir megindrættir í námsskipan hins samræmda framhaldsskóla. Allt nám skal fara fram innan vébanda tiltekinnar námsbrautar sem stefnir að skilgreindu marki. Skal þá miðað við undirbúning til starfa eða til áframhaldandi náms, ellegar hvort tveggja. Með þessu er að sjálfsögðu ekki dregið úr almennu menntunargildi námsins, sbr. athugasemd við 3. gr. Til grundvallar liggur skipting námsefnisins í námsáfanga, en áföngum er skipað á námsbrautir og námsbrautum á námssvið (8. gr.). Ekki þykir eðlilegt að binda í lögum, hvaða námssvið og námsbrautir skuli koma til greina. Námssviðin eru fyrst og fremst skipulagslegt hugtak sem óþarft er að skorda í löggjöf. Að því er námsbrautirnar sjálfar varðar er hæpið, að upptalning í lögum geti verið tæmandi nema stutt skeið í senn, og væri umhendis ef lagabreytingu þyrfti til í hvert skipti sem ástæða þætti til að stofna til nýrrar námsleiðar. Í fjárlagagerð gefst Alþingi hins vegar jafnan kostur á að hafa úrslitaáhrif á námsframboðið.

Skipting langra námsbrauta í styttri áfanga er mikilvægt atriði, bæði vegna mismunandi áforma nemenda um framhaldsskólanám og til að auðvelda „áfangamenntun“ í þeirri merkingu, að fólk eigi þess kost að bæta við sig námi eftir tímabil í starfi. Í ýmsum starfsgreinum hagar og þannig til, að undirbúningsþarfir eru mismunandi til starfa innan sömu greinar. Miklu skiptir að námsmarkmið hvers „brautaráfanga“ liggja ljóst fyrir, þ. e. hvaða hæfniskröfum sé miðað við að nemendur fullnægi.

Ákvæði 6. greinar eru í nánu samhengi við markmiðslýsingu 3. greinar. Með samhæfingu bóklegs og verklegs náms er átt við hvort tveggja: að námið sé eftir föngum slungið báðum þessum þáttum og að þeir fái stuðning hvor af öðrum í kennslunni. — Svigrúm frjálsra valgreina, sem um ræðir í lok greinarinnar, verður trúlega misjafnt eftir námsbrautum, en áriðandi er að það sé ætíð nokkurt.

Í 7. gr. er vikið að tveimur undirstöðuatriðum sem endurskoðun náms á framhaldsskólastigi beinist að m. a., þ. e. að tryggja að engin námsleið verði blindgata og að auðvelda samgöngur milli brauta á stiginu, en þessi markmið eru hvort öðru tengd. Ljóst er að fyrra markinu, um framhaldsleiðir af öllum brautum, verður tæplega náð án þess að reglur um inngöngu í háskólanám verði teknar til rækilegrar athugunar. Vert er þó að leggja áherslu á, að ekki er kveðið á um að sérhver námsbraut leiði þráðbeint inn í háskóla, heldur að liggja skuli fyrir hvernig áfram verði komist jafnframt því að fyrra nám nýtist eins og efni standa til.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um námsskrá og námsskrárgerð, sem er forsenda þess að samræmdur framhaldsskóli verði meira en nafnið tómt. Lögð er áhersla á að haft sé samráð við þá aðila sem hlut eiga að máli. Jafngildi sambærilegra námsáfanga til viðurkenningar á mismunandi námsbrautum er nauðsynlegur liður í þeirri viðleitni að tryggja greiðar „samgöngur“ milli brauta, sbr. athugasemd við 7. gr.

Um 10. gr.

Ákvæði um námsmat og skilyrði til flutnings milli námsáfangna, þ. á m. milli anna og ára, þykir eðlilegra að hafa í reglugerð en lögum. Benda má á, að aðferðir við námsmat, vitnisburðir eða einkunnir og túlkun þeirra eru mjög til umræðu og athugunar um þessar mundir í mörgum löndum og ekki er ljóst hvaða stefnu þessi mál muni taka á næstunni. Afdráttarlaus lagaákvæði um þetta efni geta hæglega orðið til þess að hamla eðlilegu skólastarfi.

Um 11. gr.

Með ákvæðum greinarinnar er stefnt að því að tryggja fötluðum og þroskaheftum ungmönnum námsmöguleika á framhaldsskólastigi, hliðstætt því sem lög mæla fyrir um á grunnskólastigi. Tilhögun starfseminnar getur orðið með ýmsum hætti eftir aðstæðum. Væntanlega þætti þó æskilegt að hún færi fram innan vébanda framhaldsskólanna sjálfra eða í tengslum við þá eftir því sem framast yrði við komið en undir umsjón og með stuðningi sérhæfðra stofnana. Í sumum tilvikum gæti bréfaskóli komið að góðum notum. Vísir að starfsemi af þessu tæi er þegar fyrir hendi, m. a. á vegum Heyrnleysingjaskólans (sbr. og lög nr. 70/1978) og þeirra aðila sem annast kennslu blindra. Ekki þarf að fara mörgum orðum um hvert nauðsynja- og réttlætismál það er, að þeim sem bagaðir eru af líkamsfötlun eða þroskahömlun séu búin skilyrði til að ná þeim námsmarkmiðum sem hugur þeirra og hæfileikar standa til.

Um 12. gr.

Í þessari grein, sem eins og 11. gr. er að miklum hluta nýmæli, er gert ráð fyrir að uppi verði haldið skipulegu þróunar- og leiðbeiningarstarfi á sviði framhaldsskóla, hliðstæðu því sem kveðið er á um í lögum um grunnskóla fyrir það skólastig. Þótt menntamálaráðuneytinu sé ætlað að hafa forgöngu um þessa starfsemi og bera ábyrgð á að henni sé sinnt, ber að sjálfsgöðu að gera ráð fyrir, að mjög verði stuðst við frumkvæði og ábendingar þeirra sem í skólunum starfa eða starfsemi þeirra varðar öðrum fremur. Með ákvæðum um að framkvæmdaáætlun skuli fylgja fjárlagatillögum ár hvert er stefnt að því að Alþingi sé jafnan tryggð yfirsýn um framvindu og þróunarstefnu í starfi framhaldsskóla, auk þess sem slík áætlanagerð ætti að stuðla að markvísu vinnubrögðum.

Um 13. gr.

Í upphafi greinarinnar er kveðið á um þá meginreglu að framhaldsskólar skuli að jafnaði starfa í 9 mánuði ár hvert. Árlegur starfstími á einstökum námsbrautum kann þó að verða nokkuð misjafn, og sama gegnir um kennslumagn. Um þessi atriði þarf að setja skýr ákvæði, a. m. k. um efri og neðri mörk, og virðist eðlilegt að það sé gert í reglugerð.

Um 14. gr.

Í fyrra hluta greinarinnar er kveðið á um skyldu menntamálaráðuneytisins til að sjá fyrir nægum upplýsingum um það nám sem í boði er á framhaldsskólastigi á hverjum tíma, tilhögun þess og markmið. Er þá ekki síst haft í huga að slíkar upplýsingar séu tiltækar unglíngum sem eiga fyrir höndum að velja sér námsbraut að loknum grunnskóla. Minna má á, að ráðuneytið hefur nokkur undanfarin ár gefið út fræðslubækling af þessu tæi, sem dreift hefur verið til allra nemenda í 9. bekk grunnskóla („Nám að loknum grunnskóla“).

Seinni málsgreinin lýtur að því að stuðla að tengslum milli framhaldsskólanna og almennings, þ. á m. við aðstandendur þeirra nemenda sem hvern skóla sækja. Er skólunum ætlað nokkurt frumkvæði í þessu efni og stefnt að því að fólki gefist sem bestur kostur á að kynnast því starfi sem fram fer í skólanum og koma á framfæri sjónarmiðum sínum. Örðugt er að setja bindandi reglur um tilhögun slíkra tengsla, en bent er á nokkrar leiðir sem til greina koma.

#### Um 15.—16. gr.

Í þessum kafla frumvarpsins er fjallað um hvernig virkja megi framhaldsskólana til þátttöku í fræðslu fullorðinna, þ. e. menntun fólks sem komið er af venjulegum skólaaldri.

Í 15. gr. ræðir um menntun fullorðinna á þeim sviðum náms sem framhaldsskólum er einkum ætlað að sinna. Auk möguleika samkvæmt 4. gr. á inngöngu í reglulegt nám án þess að fullnægt sé almennum inntökuskilyrðum laganna er hér gert ráð fyrir, að fullorðnir geti með tvennum hætti notið námsframboðs framhaldsskóla: a) Í fyrsta lagi verði unnt að heimila þeim aðgang að einstökum námsáföngum ásamt reglulegum nemendum skólans. Sá möguleiki ætti að geta komið ýmsum vel sem annaðhvort skortir menntun í einstökum greinum til að ljúka prófi á tiltekinni námsbraut eða hafa af öðrum ástæðum hug á að afla sér menntunar á afmörkuðum sviðum. b) Í annan stað megi heimila, að fullnægðum tilteknum skilyrðum, að stofna til sérstakrar kennslu fyrir fullorðna í námsefni framhaldsskóla, þannig að um tíma og tilhögun, þ. á m. námshraða, sé tekið tillit til sérstakra þarfa þeirra. Hér eru m. a. hafðar í huga „öldungadeildir“ hliðstæðar þeim sem starfræktar hafa verið við nokkra skóla á síðustu árum. Hafa þar m. a. opnast nýjar leiðir fyrir ýmsa sem stunda vilja nám jafnframt vinnu. Stofnun slíkra deilda eða námskeiða mundi m. a. koma til álita, ef óskir kæmu fram frá nægilegum fjölda fólks til að fullnægt væri skilyrðum reglugerðar um lágmarksstærð námshópa.

Ákvæðum 16. gr. er ætlað að stuðla að því, að sú aðstaða sem fyrir hendi verður í framhaldsskólum, m. a. kennsluhúsnæði og tækjabúnaður, geti komið að notum fyrir almenna fræðslustarfsemi, aðra en þá sem fellur undir meginhlutverk skólanna sjálfra. Hér er átt við ýmiss konar „frjálst“ fræðslustarf, m. a. af því tæi sem víða er stundað í námsflokkum, en einnig endurmenntun sem hentugt kann að vera að tengja framhaldsskóla. Þótt hér yrði um að tefla starfsemi sem félli utan almenns verksviðs viðkomandi framhaldsskóla og færi fram á vegum annarra aðila, er gert ráð fyrir að skólinn geti ef svo ber undir verið virkur aðili að skipulagningu og framkvæmd, að fenginni heimild ráðuneytisins í samráði við skólanefnd.

#### Um 17. gr.

Í greininni er bent á þrjá mismunandi kosti um tengsl námsbrauta og skólastofnana og gert ráð fyrir að tilhögun ráðist með hliðsjón af aðstæðum. Þó er ætlast til að reynt sé að hafa fleiri brautir en eina í sömu stofnun, þar sem því verður með eðlilegu móti við komið. Er þá einkum haft í huga að raunverulegir valkostir nemenda verði fleiri en ella, en einnig félagslegur ávinningur að samskiptum við nemendur af öðrum brautum, svo og betri skilyrði til hagræðingar í kennslu.

Ákvæði greinarinnar gera m. a. ráð fyrir að núverandi sérskólar og menntaskólar geti starfað áfram, með svipuðu sniði og verið hefur, innan samræmds námskerfis á framhaldsskólastigi.

Lokaákvæði greinarinnar er mikilvægt stefnuatriði, þ. e. að í öllum landshlutum verði gefinn kostur á eins fjölbreytilegu námsframboði og unnt er, sbr. og 8. gr. laga nr. 55/1974, um skólakerfi. Í því felst að hagræðingarsjónarmið verði ekki látin einráð við ákvörðun um staðsetningu einstakra námsbrauta, heldur tekið sanngjarnt tillit til möguleika nemenda á að stunda það nám, sem hugur þeirra stendur til, án þess að þurfa að sækja til fjarlæggra landshluta.

#### Um 18.—19. gr.

Hér er ákvörðunarvald um staðsetningu skólastofnana á framhaldsskólastigi og verksvið þeirra falið menntamálaráðuneytinu í samráði við fræðsluráð og sveitarstjórnir sem í hlut eiga hverju sinni. Kemur hér fram sú stefna, sem áréttuð er frekar í síðari greinum frumvarpsins, að ætla fræðsluráðum í fræðsluumdæmum samkvæmt grunnskólalögum veigamikla ábyrgð á og afskipti af málefnum framhaldsskólanna. Er það atriði nánar rætt síðar, sbr. einkum athugasemdir við 22. gr. Frumkvæði að skólahaldi mun að sjálfsögðu oft koma frá sveitarfélögum. Samkv. 18. gr. ber ráðuneytinu að hafa samráð við viðkomandi fræðsluráð áður en það tekur

afstöðu til slíks erindis. Samráð við sveitarstjórnir er að öðru leyti sjálfsgæður hlutur þegar um verður að ræða rekstraraðild viðkomandi sveitarfélaga.

Ákvæði 18. greinar ber að skoða í samhengi við næstu grein (19. gr.), um gerð áætlana um skipan námsbrauta á framhaldsskólastigi. Kemur þá enn skýrar fram að ætlast er til aðildar heimaaðila að ákvörðun um skipan þessara mála, jafnframt því að Alþingi verði tryggð nauðsynleg yfirsýn í sambandi við ákvörðun fjárveitinga.

#### Um 20. gr.

Eðlilegt er að gera ráð fyrir, að verklegu námi geti verið fyrir komið með ýmsu móti, bæði innan vébanda viðkomandi framhaldsskóla og í tengslum við eða á vegum atvinnufyrirtækja og stofnana. Í þessari grein felst heimild til að nýta síðari kostinn, enda sé með samningi um það efni tryggt eðlilegt samstarf við hlutaðeigandi skóla. Undir þetta ákvæði gæti m. a. fallið námssamningur við iðnmeistara, en jafnframt er því ætlað að verða grundvöllur samstarfs skóla og atvinnulífs á ýmsum sviðum starfsmenntunar þar sem slíku skipulögðu samstarfi er nú tæpast til að dreifa.

Í 31. gr. frumvarpsins eru gerðar ráðstafanir til að núverandi ákvæði iðnfræðslulaga um réttindi og skyldur iðnnema og meistara falli ekki brott fyrir en þeim málum hefur verið tryggilega skipað í nýrri löggjöf sem taki m. a. til þessara atriða.

#### Um 21. gr.

Þessari grein er breytt frá því sem var í upphaflegri gerð frumvarpsins. Kaflafyrirsögnin er nú „Yfirstjórn og samráðsaðiljar“. Gert er ráð fyrir — sem eðlilegt er — að yfirstjórn opinberra skólastofnana á framhaldsskólastigi verði að meginreglu í höndum menntamálaráðuneytisins. Undir það ráðuneyti fellur nú langmestur hluti skólakerfisins, en nokkrir sérskólar eru þó á vegum annarra ráðuneyta. Að svo komnu er ekki gerð tillaga um verulega breytingu að þessu leyti þótt færa megi ýmis rök fyrir því að allir opinberir skólar skuli heyra undir menntamálaráðuneytið.

Breytingin á 21. gr. (frá fyrri gerðum frumvarpsins) felst aðallega í því að hugmyndinni um fastskipað og fjölmennt framhaldsskólaráð er hafnað, en í þess stað kemur ákvæði sem leggur ráðuneytinu þá skyldu á herðar að hafa sem víðtækast samráð við þá aðilja í landinu, sem hagsmuna hafa að gæta í sambandi við samræmingu framhaldsskólastigsins. Er ekki síst haft í huga eins og áður greinir í almennum athugasemdum við frv., að heimaðiljar í héruðum og landshlutum fái sem mest frjálsræði innan lagaramma til þess að samræma skólamál sín að eigin frumkvæði.

Önnur ákvæði greinarinnar, sem kváðu á um skipan námssviðsnefnda og námsbrautarnefnda, hafa verið einfölduð til muna. Gert er ráð fyrir, að menntamálaráðuneytinu sé heimilt að skipa ráðgjafarnefndir, t. d. fyrir sérstakar námsbrautir eða námsbrautasamstæður. Ætla má að slíkra nefnda verði ekki síst þörf í sambandi við ýmsar starfsnámsbrautir til að tryggja nauðsynlegt samstarf við aðilja atvinnulífs á þeim sviðum er námið varðar.

#### Um 22. gr.

Æskilegt má teljast og eðlilegt að færa ábyrgð á námi á framhaldsskólastigi á hendur sveitarfélaga eða samstarfseininga þeirra að meira marki en nú á sér stað. Þegar frá eru taldir iðnskólar og framhaldsnám við gagnfræðaskóla hafa langflestir framhaldsskólar til skamms tíma verið algerlega á vegum ríkisins, bæði að því er varðar kostnað og stjórnun. Markverð breyting á þessu er að verða með stofnun fjölbrautaskóla á nokkrum stöðum. Má telja þá þróun eðlilega, þar sem ljóst er, að úrkostir um nám að lokinni skólaskyldu og framkvæmd þeirra mála eru nú á tímum atriði sem hverja byggð skipta miklu, jafnvel engu minna en tilhögun skyldunáms. Meðan framkvæmd öll er á vegum ríkisins, er hætt við að áhugi sveitarstjórnarmanna á þessum mikilvægu málum og tækifæri til eðlilegra áhrifa á skipan



þeirra verði minni en skyldi. Hins vegar er skólahaldi á framhaldsskólastigi að jafnaði þannig farið, að víðast má gera ráð fyrir, að fleiri en eitt sveitarfélag standi að skólastofnun. Virðist ekki óeðlilegt að leggja fræðsluumdæmin átta til grundvallar, þegar ákveða skal svæðaskiptingu að því er varðar stjórn framhaldsskólamála.

Þau sjónarmið sem nú voru rakin liggja að baki ákvæðum þessarar greinar um hlut fræðsluráða, fræðslustjóra og fræðsluskrifstofa að málefnum framhaldsskóla, og er ætlast til að um þau verkefni verði nánar mælt í reglugerð. Gera má ráð fyrir, að slík aukning á verksviði hafi í för með sér þörf á eflingu fræðsluskrifstofa, en ekki virðist sjálfsgöð ástæða til að breyta ákvæðum um skipan fræðsluráða af þessu tilefni, enda verður að ætla að við val manna í ráðin verði tekið tillit til breytts starfssviðs.

#### Um 23. gr.

Greinin fjallar um skólanefndir framhaldsskóla. Að því er varðar skóla sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum er skólanefnd m. a. ætlað að vera tengiliður milli viðkomandi sveitarfélaga og skólans og hafa umsjón með rekstri hans. Standi sveitarfélag eitt sér ásamt ríkinu að rekstri framhaldsskóla kýs viðkomandi sveitarstjórn skólanefndina. Hins vegar er gert ráð fyrir því að séu sveitarfélögin tvö eða fleiri, geri þau með sér samstarfs-samning þar sem m. a. sé kveðið á um hvernig haga skuli vali fulltrúa í skólanefndina og þar með fjölda þeirra. Benda má á að skólanefndir af þessu tæi eru nú þegar starfandi við Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Fjölbrautaskólann á Akranesi, Fjölbrautaskólann á Selfossi og Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið hafi heimild til að skipa skólanefnd við þá framhaldsskóla sem ríkið rekur að fullu. Hér verður öðru fremur um að ræða ýmiss konar sérhæfða skóla en við slíka skóla hafa löngum starfað sérstakar skólanefndir.

Nánari ákvæði um skólanefndir framhaldsskóla skal setja í reglugerð.

#### Um 24. gr.

Ákvæði tveggja fyrstu málsgreinanna, um skólastjóra og skólastjórn, eru að efni til í samræmi við þá skipan sem í gildi er, t. d. í menntaskólum. Í síðustu málsgreininni er fjallað um tilvik, þar sem nám á framhaldsskólastigi er í skjóli grunnskóla að því marki, að ekki er ástæða til að stofna til sérstakrar stjórnunareiningar.

#### Um 25. gr.

Ákvæðin um nemendaráð eru að nokkru sniðin eftir hliðstæðum ákvæðum í lögum nr. 12/1970, um menntaskóla. Hér er það hlutverk nemendaráðanna að koma sjónarmiðum nemenda á framfæri gagnvart skólastjórn þó markað öllu víðtækara en þar er gert.

#### Um 26. gr.

Greinin kveður á um að gert skuli ráð fyrir almennum kennarafundum innan framhaldsskóla, en um verksvið þeirra skal mæla í reglugerð. Það tíðkaðist nokkuð áður, að í lögum um framhaldsskólastofnanir væri gert ráð fyrir að allir fastir kennarar skólans, ásamt skólastjóra, skipuðu skólastjórn. Á síðari árum hefur fremur verið horfið að þeirri tilhögun skólastjórnar að bæði kennarar og nemendur ættu þar kjörna fulltrúa (sbr. t. d. lög nr. 12/1970, um menntaskóla). Eftir sem áður eiga almennir kennarafundir nauðsynlegu hlutverki að gegna, m. a. sem vettvangur til að fjalla um nýmæli í kennslu- og námsháttum.

#### Um 27. gr.

Í þessari grein eru talin meginverkefni sem rækja þarf í framhaldsskólum og miða ber við í ráðningu starfslíðs. Það verður hins vegar mjög mismunandi eftir nemendafjölda skóla, námssviðum og fjölda námsbrauta, hve mikinn mannafla þarf til að vel sé fyrir öllum nauð-

synlegum starfsþáttum séð. Er gert ráð fyrir, að reglur um skipan starfa séu settar í reglugerð(um) með tilliti til mismunandi aðstæðna.

Þótt fjöldi starfsmanna og verkaskipting verði mismunandi eftir skólastofnunum, koma flestallir þeir starfsþættir, sem í frumvarpsgreininni eru taldir, við sögu í hverjum framhaldsskóla, nema hvað störf við mótuneyti og heimavistir verða bundin þeim skólum þar sem slík aðstaða er. Ástæða er til að leggja áherslu á mikilvægi náms- og starfsráðgjafar í samræmdum framhaldsskóla.

Í næstsíðustu mgr. greinarinnar eru fyllri ákvæði en voru í fyrstu gerð frumvarpsins um hver háttur skuli hafður á ráðstöfun starfa í framhaldsskólum, m. a. um tillögu- og umsagnar- aðila. Meðal nýmæla er að fastir kennarar skóla veiti umsögn um umsækjendur um stöðu skólastjóra sé ekki um nýja skóla að ræða.

#### Um 28. gr.

Upphafsaákvæði greinarinnar er miðað við, að lög hafa verið sett um kröfur sem fullnægja þarf til að verða settur eða skipaður skólastjóri eða kennari (sbr. lög nr. 51/1978, um embættisgengi kennara og skólastjóra). Er þar m. a. að finna ákvæði um menntunarkröfur til kennara í framhaldsskólum. Hér er gert ráð fyrir, að í reglugerð megi kveða á um slíkar kröfur til annarra starfsmanna, svo sem þeirra er annast ýmiss konar ráðgjafarstörf.

Í síðari málsgrein greinarinnar er mælt fyrir um, að í reglugerð verði sett ákvæði um orlof og endurmenntun starfsmanna framhaldsskóla. Er þá haft í huga að framhaldsskólakennurum verði tryggð hliðstæð aðstaða á þessu sviði og kennurum grunnskóla, og gert ráð fyrir að slík ákvæði taki einnig til annarra starfsmanna er vinna að uppeldislegum verkefnum við framhaldsskóla.

#### Um 29. gr.

Greinin kemur í stað fjármálaákvæða í fyrri gerðum frumvarpsins. Er hér gert ráð fyrir að ákvæði núgildandi laga um þessi efni, að því er varðar stofnanir á frmhaldsskólastigi, haldi gildi um sinn, eða þar til sett hafa verið ný lög um skólakostnað.

#### Um 30. gr.

Þess er víða getið í einstökum greinum frumvarpsins, að ætlast sé til að málum verði skipað nánar í reglugerð. Raunar er augljóst að með frumvarpinu er stefnt að rammalöggjöf um framhaldsskólastigið, en af því leiðir, að sitthvað sem nú er kveðið á um í lögum um einstakar skólagerðir eða námsstofnanir verður ekki fellt inn í slíka heildarlöggjöf. Hvorki verður þó talið nauðsynlegt né æskilegt að í framhaldi af setningu rammalaga verði sett endurskoðuð lög um einstök námssvið eða námsbrautir. Hætt er við, að slík lagasetning mundi fremur stefna í tvísýnu en stuðla að þeirri samhæfingu náms á framhaldsskólastigi sem er eitt meginatriði þessa frumvarps. Til þess er ætlast, að með ákvæðum frumvarpsins sé mörkuð nægilega skýrt sú stefna sem fylgja beri um mótun og starfsemi námsbrauta framhaldsskóla til þess að framkvæmdaratriðum megi skipa nánar með reglugerðum. Svo sem fram kemur í frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir, að reglugerðir á grundvelli laganna geti ýmist tekið til ákveðinna efnisþátta er varða framhaldsskólastigið í heild eða fjallað um einstök námssvið eða námsbrautir. Einnig kemur til greina að setja sérstaka reglugerð um tiltekna skólagerð eða einstaka skólastofnun.

Ákvæðum 2. mgr. er ætlað að tryggja að við undirbúning reglugerða verði leitað samráðs við ýmsa aðila sem eðlilegt er að láti starfshætti og rekstur framhaldsskóla til sín taka. Gera má ráð fyrir, að hver einstök reglugerð verði undirbúin af sérstökum starfshópi eða nefnd með fulltrúum þeirra aðila sem efni hennar varðar öðrum fremur, en starfshópi þeim sem um ræðir í greininni er ætlað samræmingarhlutverk eins og þar kemur fram.

#### Um 31. gr.

Ljóst er, að framkvæmd þeirrar nýskipunar náms á framhaldsskólastigi sem lagafrumvarp þetta gerir ráð fyrir krefst umfangsmikils undirbúnings sem taka mun talsverðan tíma. Gildistökuákvæði frumvarpsins er sniðið með hliðsjón af þessu, þar sem gert er ráð fyrir að allt að fimm ár geti liðið frá samþykkt laganna þar til þau koma til fullrar framkvæmdar.

Í frumvarpsgreininni eru talin lög sem gert er ráð fyrir að falli úr gildi jafnóðum og hin nýju lög koma til framkvæmda. Er þar um að ræða flest lög sem nú eru í gildi um einstakar skólagerðir eða námsstofnanir á framhaldsskólastigi. Undantekning eru lög um búnaðarnám, nr. 55/1978, lög um garðyrkjuskóla ríkisins, nr. 91/1936, og löggjöf um listaskóla. Þótt laga nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands, sé ekki getið í upptalningunni, er ljóst að endurskoðun á þeim yrði að óbreyttu nauðsynleg í framhaldi af setningu laga um samræmdan framhaldsskóla. Þá er og rétt að vekja athygli á, að áður en ný heildarlöggjöf um framhaldsskólastigið kemur til framkvæmda þarf að fara fram endurskoðun á ýmsum lögum þar sem ákvæði um atvinnuréttindi eru bundin námi samkvæmt núverandi skipan, sbr. t. d. lög nr. 69/1973, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum. Loks er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að við afnám núgildandi laga um iðnfræðslu verði áfram í gildi ákvæði þeirra laga um löggildingu iðngreina og iðnmeistara og um réttindi og skyldur aðila að námssamningum iðnnema, eða þar til ný löggjöf hefur verið sett um þau efni, sbr. og athugasemd við 20. gr. Enn skal minnt á, að fjármálaákvæði núgildandi laga um skólastofnanir á framhaldsskólastigi halda gildi um sinn, sbr. athugasemdir við 29. gr.

Til að girða fyrir óvissu um stöðu skólastofnana og námsbrauta meðan ný lög eru að komast til framkvæmda er niðurfelling fyrri laga samkvæmt frumvarpsgreininni bundin því í hverju tilviki, að sett hafi verið reglugerðarákvæði um tilsvarendi námsbraut(ir) á grundvelli hinnar nýju löggjafar, að höfðu samráði við Alþingi.

Þótt þannig sé ekki gert ráð fyrir að lögin komi að öllu til framkvæmda í einu vefangi þarf að vera unnt að hefjast þegar í stað handa um aðgerðir er miði að því að koma á hinn nýju samræmdu skipan. Er því gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið fái umboð til að heimila einstökum skólum frávik frá tilteknum ákvæðum gildandi laga, ef um er að ræða ráðstafanir sem samrýmast meginstefnu hinnar nýju löggjafar.

Í lokamálsgrein greinarinnar er ákvæði um árlega skýrslugjöf menntamálaráðherra til Alþingis um það starf sem unnið er til að koma löggjöfinni í framkvæmd, þ. á m. um undirbúning reglugerða. Með þeim hætti gefst Alþingi kostur á að tjá vilja sinn um mótun framkvæmdarinnar, jafnóðum og henni vindur fram.

#### Um ákvæði til bráðabirgða.

Mjög hefur verið um það rætt á undanförunum árum að nauðsyn beri til að bæta og efla aðstöðu verkmenntunar í landinu. Hér er gert ráð fyrir að sérstakt átak á þessu sviði verði forgangsverkefni við undirbúning að framkvæmd löggjafar um samræmdan framhaldsskóla.